

Fundargerð

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls

10. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 23. júní 2015 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurbára Rúnarsdóttir, Þórhallur Einisson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Bjarney Vignisdóttir og varamaður hennar boðuðu forföll.


Gestir fundarins: Már Ingólfur Músson, Leifur Viðarsson, Ólína Þorleifsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir.

1. **Kynning á námefnibankanum.** Már Ingólfur Músson og Leifur Viðarsson kynntu Námsefnisbankann en stefnir að því að opna deilivettvang fyrir kennara á netinu haustið 2015.

Gestir yfirláfu fundinn.


2. **Ársskýrsla þjónusturáðs málefna fatlaðs fólks lögð fram til kynningar.**
3. **Fundargerð aukafundar nefndar oddvita og sveitarstjóra (NOS) lögð fram til kynningar.**
4. **Staða helstu málaflokka velferðarþjónustu janúar-maí 2015.** Forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu fór yfir stöðu mála. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið á fjárhagsaðstoð fyrir hluta ársins á öllu svæðinu en á sama tíma fer atvinnulausum fækkandi. Margir þeirra sem hafa verið að fá fjárhagsaðstoð er að biðja úrlausnar hjá öðrum stofnunum s.s. Tryggingastofnun ríkisins. Heimaþjónusta í Uppsveitum Árneshvíls og Flóa hefur aukist mikið á þessu ári. Fleiri heimili eru að fá þjónustu en ráð var gert fyrir og er veitt aukin þjónusta í formi persónulegrar umhirðu og félagslegs stuðnings.
5. **Trúnaðarmál.** 5 mál skráð í trúnaðarmálabók.


Fundi slitið kl 18:20



Bryndís Böðvarsdóttir, formaður


Eyrún Hafþórsdóttir


Sigurbára Rúnarsdóttir



María Kristjánsdóttir


Hörður Óli Guðmundsson



Þórhallur Einisson

Staða helstu málaflokka velferðarþjónustu janúar-maí 2015.




Fjárhagsaðstoð



Skipting fjárhagsaðstoðar eftir mánuðum:



Skipting fjárhagsaðstoðar eftir aldri og kyni notenda:





Hér fyrir neðan kemur fram staða fjárhagsáætlunar er varðar fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum:


(Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búíð að nýta 41% af fjármagni).

Fjárhagsaðstoð	Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun	undir/ yfir fjárhagsáætlun
Hveragerði	70%	29%
Sveitarfélagið Ölfus	67%	26%
Bláskógabyggð	43%	2%
Flóahreppur	0	100%
Grímsnes og Grafningshr.	42%	1%
Hrunamannahreppur	47%	6%
Skeiða- og Gnúpverjahr.	65%	24%

Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan að þá er fjárhagsaðstoð að aukast á fyrri hluta ársins og er sú aukning mun meiri en gert var ráð fyrir. Staða í þremur sveitarfélögum er mjög alvarleg. Samkvæmt upplýsingum frá félagsráðgjöfunum er notendum fjárhagsaðstoðar hjá öllum sveitarfélögum að fækka og má gera ráð fyrir lægri útgjöldum á næstu mánuðum.


Barnavernd





Fjöldi mála í vinnslu eftir starfsstöðvum

Hér fyrir neðan má sjá fjöldi mála í vinnslu hjá félagsráðgjöfunum. Hveragerði var með 21 opið frá síðasta ári og svo bættust við mál sem fara í könnun á þessu ári. Laugarás var með 4 mál opin frá fyrra ári og Sveitarfélagið Ölfus 7 mál.




Hér fyrir neðan kemur fram staða fjárhagsáætlunar er varðar Barnavernd eftir sveitarfélögum: (Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búð að nýta 41% af fjármagni).

Barnavernd	Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun	undir/ yfir fjárhagsáætlun
Hveragerði	54%	13%
Sveitarfélagið Ölfus	29%	12%
Bláskógabyggð	25%	16%
Flóahreppur	120%	100%
Grímsnes og Grafningshr.	76%	35%
Hrunamannahreppur	0	100%
Skeiða- og Gnúpverjahr.	0	100%


Heimaþjónusta

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir heimaþjónustu eftir sveitarfélögum:


Bláskógabyggð




Flóahreppur




Grímsnes- og Grafningshreppur




Hrunamannahreppur




Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Hveragerði



Sveitarfélagið Ölfus



Hér fyrir neðan kemur fram staða fjárhagsáætlunar er varðar heimaþjónustu eftir sveitarfélögum:

(Ath. skv. fjárhagsáætlun ætti að vera búið að nýta 41% af fjármagni).

Heimaþjónusta	Nýting hlutfalls skv. fjárhagsáætlun	undir/ yfir fjárhagsáætlun
Hveragerði	36%	5%
Sveitarfélagið Ölfus	39%	2%
Bláskógabyggð	43%	2%
Flóahreppur	49%	8%
Grímsnes og Grafningshr.	40%	1%
Hrunamannahreppur	47%	6%
Skeiða- og Gnúpverjahr.	58%	17%